

Keppt um heiðursverðlaun Jónasar Magnússonar

Á nýafstöðnu Sameiginlegu vísindafingi Skurðlæknafélags Íslands, Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands, Félags fæðinga- og kvensjúkdómalækna og Fagdeilda skurðstofu- og svæfingahjúkrunarfræðinga var haldin keppni um besta vísindaerindi unglæknis eða læknanema. Fimm erindi voru valin af þeim 40 sem send voru inn á þingið og kepptu þau um Heiðursverðlaun Jónasar Magnússonar prófessors. Sigur úr bítum bar Rósamunda Þórarinsdóttir, læknanemi á 3ja ári, fyrir verkefnið *Árangur magahjáveituaðgerða á Íslandi árin 2001-2015* en leiðbeinendur hennar voru skurðlæknarnir Björn Geir Leifsson og Hjörtur



Frá vinstri: Einar Teitur Björnsson deildarlæknir á Landspítala, Hannes Halldórsson læknanemi á 4. ári, sigurvegarinn Rósamunda Þórarinsdóttir læknanemi á 3. ári, Kristín María Guðjónsdóttir kandidat á Landspítala og Elva Dögg Brynjarsdóttir deildarlæknir á Sjúkrahúsi Akureyrar. Formaður dómnefndar var Einar Stefán Björnsson prófessor.

Gíslason. Þetta er í fyrsta skipti sem þriðja árs læknanemi vinnur þessi verðlaun.

Þingið var mjög vel sótt og gekk vel í alla staði.